

Lesefni

Kennslubók kafli 2 og glærur

Jón Gunnar Bernburg. *Hvernig útskýrir maður aðferðafræði félagsvísinda?* (slá upp á netinu)

Fyrirmæli

Nú hafið þið í höndunum frétt sem birtist í Fréttablaðinu 9. nóvember 2010. Fréttin fjallar um niðurstöður nýrrar norrænnar rannsóknar á ungu fólki. Skýrslan er unnin fyrir Norðurlandaráð.

Fylgið eftirfarandi sporum:

1. Lesið fréttina yfir og undirbúið viðtal um efni fréttarinnar. Núna eruð þið að beita eigindlegri rannsóknaraðferð og takið svokallað djúpvíðtal við einn viðmælanda sem má ekki vera of tengdur ykkur.
2. Fyrir viðtölin þurfið þið að íhuga hvaða spurningar þið ætlið að bera upp og hvernig þið ætlið að setja þær fram. Hafið í huga hluti eins og að spurningarnar séu ekki leiðandi, séu opnar og að þið spyrjið nánar út í þætti þar til svör séu komin sbr. umfjöllun á glærum.
Semja þarf a.m.k. 5 spurningar sem þið viljið fá svör við. Athugið að spurningarnar eiga að vera opnar og þið eruð að leita eftir viðhorfum til jafnréttismála (sbr. efni fréttarinnar). Sýnið kennara spurningarnar. Reiknið líka með að einhverjar spurningar vakni í viðtalinu, t.d. spyrja nánar ef eitthvað er óljóst eða viðmælandi kemur fram með eitthvað annað en þið áttuð von á og þið viljið gjarnan spyrja nánar út í. Hafið í huga að byrja á almennum og einföldum spurningum og fara þaðan í persónulegri eða erfiðari.
3. Viðtalið. Mælið ykkur mót á hlutlausum stað (ekki heima hjá þér). Þið verðið að **taka upp viðtalið** og þurfið því að hafa upptökubúnað t.d. gsm-síma eða tölvu. **Mjög mikilvægt er að prófa upptökutæknina áður en viðtalið fer fram.** Munið að fá leyfi frá viðmælanda áður en þið byrjið að taka upp og útskýrið að þessi rannsókn er trúnaðarmál og niðurstöðurnar fái eingöngu kennari að sjá. Þið verðið því að eyða gögnum um leið og búið er að skila verkefni.
4. Eftir viðtalið skrifið þið það upp orðrétt í tölvu. Þá ætlið þið að skrifa stuttan kafla þar sem þið hugleiðið viðtalið. Hvað gekk vel, hvað hefði mátt fara betur, hvaða áhrif hefur ykkar staða á svör viðmælanda?
5. Næst ætlið þið að þemagreina viðtalið. Hafið fréttina úr Fréttablaðinu til hliðsjónar þegar þið eruð að greina viðtalið þ.e. hvernig voru svörin, komu fram einhverjar skýringar á afstöðu til ákveðinna þátta o.s.frv.

Skila: Orðrétt viðtal, hugleiðingarum viðtalið og greining á helstu þemum. **Skiladagur í kennslustund 16. nóvember.** Verkefninu á að skila útprentuðu með *forsíðu* og heftað með einu hefti í vinstra horn – engar plastmöppur takk fyrir. Nota 1,5 línubil, Times New Roman. Forsíðan á að innihalda: Heiti skóla og áfanga, nafn skýrsluhöfunda, nafn kennara, dagsetningu og tíma viðtalsins, gervinafn viðmælanda, hvað er verið að rannsaka/heiti rannsóknar og tegund rannsóknar. Byrjið verkefnið á *inngangi* þar sem þið kynnið viðmælanda með gervinafni, hversvegna viðkomandi var valinn sem viðmælandi og við hvaða aðstæður viðtalið er tekið. Eftir viðtalið koma *hugleiðingar* og svo *þemagreining*. Kaflaskiptið þemagreiningunni og notið beinar tilvitnanir.